



Starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði Grunnnám

- Námskrá -



Nafn námsskrár:

Starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, grunnnám.

Lengd náms:

162 kennslustundir.

Fjöldi eininga:

Allt að 13 einingar.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu.

1. útgáfa 2012.



Inngangur	1
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Skipulag námsins.....	3
Námsþættir	3
Námsþættir og lýsingar námsins	5
Lokamarkmið námsins	5
Kjarni 1 – Grundvallarhugmyndir	6
Kynning og samvinna	6
Námstækni.....	7
Hugmyndafræði fötlunar	8
Siðfræði.....	9
Virðing og viðhorf	10
Kjarni 2 – Manneskjan og þarfir hennar	11
Áföll og afleiðingar	11
Erfðafræði og helstu flokkar fötlunar	12
Þroskasálfræði	13
Félagssálfræði	14
Mál og tal	15
Óhefðbundnar leiðir til tjáskipta.....	16
Lýðheilsa – tannvernd og sýkingavarnir.....	17
Lyfjafræði	18
Samstarf við fjölskyldur - samtalstækni	19
Kjarni 3 – Skipulag þjónustunnar	20
Velferðarþjónustan	20
Vinnumarkaðurinn	21
Stjórnsýsla, lög og reglugerðir	22
Greining og mat - vinnustaðaheimsókn	23
Kjarni 4 – Framkvæmd þjónustunnar	24
Frístundir.....	24
Endurmenntun og nám fullorðinna	25
Atvinna með stuðningi.....	26
Búseta	27
Þjónustuáætlanir	28
Mat á námi og námsleið	29
Mat til styttingar á námi í framhaldsskóla	30



Fræðslusetrið Starfsmennt hefur þróað og boðið upp á starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, grunn- og framhaldsnám frá árinu 2002 í samstarfi við stofnanir, stjórnendur og SFR – stéttarfélag í almannabjónustu. Upphaf námsins má rekja til ársins 1993 þegar umræða hófst um nauðsyn þess að samræma námskeið og skilgreina starfsnám í kjarasamningum. Félagsmálaráðuneytið, SFR og svæðisskrifstofur málefna fatlaðra tóku höndum saman og buðu upp á grunnnám og síðar framhaldsnám fyrir starfsfólk á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða og fyrir þá sem unnu með börnum og unglíngum í vanda. Þau námskeið voru starfrækt um nokkurra ára skeið eða þar til þróunar- og símenntunarsjóður SFR yfirtók reksturinn. Brýnt er að starfsfólki á félags- og heilbrigðissviði bjóðist heildstætt starfsnám til að mæta breyttum kröfum og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk, aldraða og sjúka. Miklar breytingar hafa orðið á hugmyndafræði og fyrirkomulagi þjónustunnar þar sem aukin áhersla er lögð á sjálfseflingu, lífsgæði og réttindi. Breyttar áherslur í starfi kalla á aukna fagmennsku og markvissa starfsþróun svo að starfsfólk geti veitt framsækna og metnaðarfulla þjónustu í þágu þeirra sem unnið er með.

Starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði er heildstæð starfstengd námsleið sem skiptist í 162 kennslustunda grunnnám og 84 kennslustunda framhaldsnám. Ljúka verður grunnnáminu áður en framhaldsnámið er stundað. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi grunnnám það sem lýst er hér til styttingar á námi í framhaldsskóla um 13 einingar.

Markmið námsins er að auka færni og þekkingu þátttakenda á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni. Þátttöku í náminu er ætlað að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms, auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu og auka gæði í starfi. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra og efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu. Nám þetta nýtist einnig þeim sem hyggjast starfa sem stuðningsfulltrúar á félags- og heilbrigðissviði og ljúka þá einnig framhaldsnáminu.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem hyggjast bjóða upp á nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins fyrir starf, starfsþróun, áframhaldandi nám eða annað sem nám af þessu tagi kann að leiða til.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra, auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi sem og að auðvelda mat til framhaldsskólalæinga.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi þeim kennslufræðilegu kröfum sem þróaðar verða. og/eða viðurkenndar af FA.



Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig á samspili og samábyrgð allra sem koma þar við sögu. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaka námsmanna heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra þessu námi þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögu-menn. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða að forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn eru á ólíkum aldri, með mislangan starfsaldur í margs konar störfum. Bakgrunnur þeirra er því ólíkur og reynsla af formlega skólakerfinu er mismikil. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna með fjölbreyttum matsaðferðum. Námsmatið getur til dæmis byggst á leiðsagnarmati, úrlausnum verkefna, mati á frammistöðum í tímum eða stuttum prófum.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna náms-manni, reynslu hans og þekkingu, virðingu og skilning. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns fyrir því að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að forsendur þeirra til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa um að kennsluaðferðir og efnistöð leiðbeinanda séu ekki einhæf heldur henti mismunandi færni fullorðinna námsmanna með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námsnálgun og námshraða við sitt hæfi.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum námsins eru eftirfarandi hugtök notuð:

kynnast: vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um, geta nefnt eða lýst að nokkru leyti,

þekkja: bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt,

skilja: gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað,

vera fær um: hafa á valdi sínu, kunna, skilja, treysta sér til, ráða við, geta af eigin rammleik,

auka færni sína: eflast, taka framförum.



Skipulag námsins

Námið er alls 162 kennslustundir en hver kennslustund er 40 mínútur að lengd. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Lesblindum og þeim sem stríða við aðra námsörðugleika á að liðsinna þegar þess er þörf.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja skólasterfsins. Hann sér til þess að skörun námsþátta verði eins lítil og kostur er og tryggir að framkvæmd námsins og þjónusta við námsmenn gangi sem greiðlegast fyrir sig.



Námsþættir

1. Heildarlengd námsins má ekki vera styttri en 162 kennslustundir.
2. Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær brjóta ekki í bága við markmið eða tilgang námsins og heildarlengd þess er ekki styttri en 162 kennslustundir.
3. Breytingar, sem nema meira en 10% af heildarlengd námsins, eru aðeins heimilar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþættir grunnnáms	Kennslustundir
Kjarni 1 – Grundvallarhugmyndir	
Kynning og samvinna	4
Námstækni	4
Hugmyndafræði fötlunar	6
Siðfræði	4
Virðing og viðhorf	4
Kjarni 2 – Manneskjan og þarfir hennar	
Áföll og afleiðingar	8
Erfðafræði og helstu flokkar fötlunar	12
Þroskasálfræði	12
Félagssálfræði	12
Mál og tal – málþroski/mál og talmeið	4
Óhefðbundnar leiðir til tjáskipta	6
Lýðheilsa – tannvernd og sýkingavarnir	6
Lyfjafræði	4
Samstarf við fjölskyldur – samtalstækni	10
Kjarni 3 – Skipulag þjónustunnar	
Velferðarþjónustan	6
Vinumarkaðurinn	6
Stjórnarsýsla, lög og reglugerðir	8
Greining og mat - vinnustaðaheimsókn	4
Kjarni 4 – Framkvæmd þjónustunnar	
Frístundir	6
Endurmenntun og nám fullorðinna	8
Atvinna með stuðningi	6
Búseta	10
Þjónustuáætlanir	10
Mat á námi og námsleið	2
Samtals	162

Námsþættir og lýsingar námsins



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins er til að auka líkur á að nám eigi sér stað. Enn fremur þarf að hafa hugfast að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga eins og kostur er að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi náms. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.



Lokamarkmið námsins

Lokamarkmið grunnnámsins eru að námsmaður hafi:

- aukið við þekkingu sína á grundvallarhugmyndum um þjónustu við fatlaða.
- aukið við þekkingu sína á manneskjunni og þörfum hennar.
- aukið við þekkingu sína á skipulagi þjónustu við fatlaða.
- aukið við þekkingu sína á framkvæmd þjónustu við fatlaða.
- aukið við sértæka sem og almenna færni sína.
- aukið faglega vitund og skilning sinn í starfi.
- styrkt jákvætt viðmót sitt og viðhorf í starfi.

Kröfur eru gerðar um að nemendur hafi mætt í a.m.k. 90% kennslustunda á fagnámskeiðinu.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist þannig að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna með fjölbreyttum matsaðferðum. Námsmatið getur til dæmis byggst á leiðsagnarmati, úrlausnum verkefna, mati á frammistöðu í tímum eða stuttum prófum.



Kynning og samvinna

4 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki forsendur þessa náms og þær kröfur sem gerðar eru til hans, nemendahópsins og leiðbeinenda.
- kynni sig og kynnist öðrum þátttakendum.
- sé fær um að tjá væntingar sínar til námsins.
- skilji tengsl námsins við störf á sviði félags- og heilbrigðisgreina.
- auki færni sína í samvinnu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins en einnig að ræða væntingar sem námsmenn hafa til þess. Gerðar eru æfingar sem losa um spennu og auðvelda þátttakendum að kynnast. Einnig er gefið yfirlit yfir þau störf og námsleiðir sem þátttaka í náminu getur leitt til. Jafnframt verður fjallað um mikilvægi góðrar samvinnu sem grunn að góðum samskiptum.

Námsaðferð

Kynning, umræður, hópvinna og einstaklingsvinna. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu jafnframt því sem þeir kynnast.

Námsefni

Námsskrá námsins og dagskrá.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- skilji mismunandi námsnálgun og námstækni.
- sé fær um að velja leiðir sem henta best hverju sinni til að læra.
- sé fær um að setja sér markmið um námsframvindu og meta hana reglulega.
- auki færni sína til að læra.
- sé færari um að vinna skipulega og með öðrum.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á að námsmenn skilji meginmarkmið námsins, námsaðferðir og að námsmaður geri sér grein fyrir námsnálgun sinni og finni námstækni sem á vel við hann. Áhersla er á helstu atriði sem hafa áhrif á nám, þ.á.m. upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Fjallað er um hugkortagerð, glósur, undirstrikun, minnistækni, lestraraðferðir, hlustun og upprifjun. Þá eru kynnt hugtök eins og einstaklingsmiðað og samþætt nám, sjálfstýrt nám, sjálfsmat, stöðumat, markmiðssetning, leiðsagnarmat, jafningjamat, jafningjafræðsla, námsnálgun og námstækni.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði námstækni og námsnálgunar, útskýrir þau og tengir notagildi þeirra við nám, áhugamál, starf og daglegt líf. Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni til að varpa ljósi á námsnálgun og til að æfa námstækni. Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í námstækni, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn, málflutningi og annarri framsetningu með hliðsjón af mati á stöðu sinni og markmiðum um framvindu náms og námsárangur. Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsstílum. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með umræðum og hópstarfi. Námstækni er þjálfuð með námsnálgun sem hentar námsmanninum.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist grunnatriðum þeirrar hugmyndafræði sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk í nútímasamfélagi.
- þekki tengsl á milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða sem unnið er eftir.
- þekki lykilhugtök hugmyndafræðinnar sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk.
- auki færni sína í að nota helstu hugtök sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk.
- verði fær um að hagnýta sér hugmyndir um þátttöku og sjálfstætt líf í reynd.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á tengsl milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða. Námsmönnum eru kynntar þær meginhugmyndir sem koma fram í lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðum um málefni fatlaðra. Áhersla er á þær breytingar sem urðu á framkvæmd þjónustunnar þegar hugmyndafræði um þátttöku og sjálfstætt líf í reynd var lögfest. Fjallað verður um þær skilgreiningar sem búa að baki hugmyndafræðinni, hvað hefur áhrif á gildismat fólks og hvernig auka megi vönduð vinnubrögð og gæði í þjónustu.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, bækur, greinar, lög, reglugerðir og sáttmálar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki helstu hugtök siðfræðinnar.
- þekki þær siðareglur sem almennt gilda í þjónustu við skjólstæðinga.
- skilji mikilvægi siðferðilegra viðmiða í störfum á félags- og heilbrigðissviði.

Námslýsing

Megináhersla er á að fjalla um siðfræði félags- og heilbrigðisstétta og skoða helstu hugtök og markmið siðferðilegra álitaefna. Áhersla er á hvernig námsmaðurinn öðlast innsýn í eigin viðhorf og annarra og verði þannig betur í stakk búinn til að veita þjónustu sem er í samræmi við hugmyndafræði og markmið starfa á félags- og heilbrigðissviði. Fjallað verður um samskipti milli starfsmanna og notenda þjónustunnar, þar á meðal um aðgreiningu á starfi og einkalífi.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, siðareglur starfsstétta og stofnana.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- sé fær um að setja sig í spor þeirra sem búa við skerðingu.
- sé fær um að beita gagnrýninni hugsun varðandi framkvæmd þjónustunnar.
- auki færni sína til að skilja þau viðhorf sem einkennt hafa þjónustu við fatlað fólk.
- sé fær um að styrkja jákvæða sjálfsmynd notenda þjónustunnar.

Námslýsing

Megináhersla er á að ræða lífsgæði með skírskotun til fólks sem þarf á aðstoð annarra að halda við daglegt líf sitt. Fjallað er um mikilvægi þess að virða einkalíf, skoðanir og sérstöðu skjólstæðinga og aðstandenda þeirra. Einnig hvernig styrkja megi jákvæða sjálfsmynd notenda þjónustunnar og stuðla að auknu sjálfstæði þeirra. Námsmenn læra að þekkja birtingarmynd forræðishyggju hjá sjálfum sér og öðrum og hvernig bregðast megi við.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Áföll og afleiðingar

8 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki hvað geti valdið áföllum, kreppu og sorg.
- þekki tilfinningaleg, líkamleg og hugræn viðbrögð við áföllum.
- geri greinarmun á áfallastreitu annars vegar og streitu vegna kreppu eða sorgar hins vegar.
- kynnist viðurkenndum leiðum til að veita sálrænan stuðning eftir áföll.

Námslýsing

Megináhersla er á einkenni, viðbrögð og afleiðingar áfalla. Fjallað er um mismunandi áhrif sálrænna áfalla, einkenni áfallastreitu og leiðir til lausna. Einnig er gerð grein fyrir nýrri þekkingu á áfallastreitu og bjargráð við slíkri streitu.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki grunnatriði erfðafræðinnar.
- þekki áhrif erfða og umhverfis á frávik í fósturþróun.
- kynnist helstu greiningaraðferðum erfðafræðinnar.
- þekki áhrif ýmissa heilkenna á stöðu einstaklinga.

Námslýsing

Megináhersla er á grunnatriði erfðafræðinnar og hvernig erfðapættir í samspili við umhverfi móta einstaklinginn og skapa breytileika í mannlífinu. Áhersla er á erfðir og hvernig ákveðin umhverfisáhrif geta leitt til frávika í fósturþróun þannig að barn fæðist fatlað. Fjallað verður um helstu greiningaraðferðir erfðafræðinnar og hvernig þær eru nýttar við erfðaráðgjöf. Þá verður fjallað um ýmis heilkenni og áhrif þeirra á stöðu einstaklingsins og horfur til heilbrigðis til lengri og skemmri tíma.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki eðlilegan þroskaferil mannsins,
- kynnist helstu kenningum um þroskaferil mannsins,
- kynnist námskenningum og hugmyndum um greindarhugtakið,
- þekki þau lögmál og þær reglur sem gilda í stærri og minni hópum á mismunandi aldurs skeiðum.

Námslýsing

Megináhersla er á þroskaferil mannsins frá bernsku til fullorðinsára. Fjallað verður um líkamlegan, vitsmunalegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska. Áhersla er á þekktustu kenningarnar um þroska mannsins og þroskahugtakið verður útskýrt. Fjallað verður um nám og námskenningar og mælingar á greind.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- skilji tengsl einstaklings og hóps.
- skilji þær óskrifuðu reglur sem gilda í hópum.
- þekki til þeirra hlutverka sem einstaklingar taka að sér í hópi.
- þekki áhrif hópa og hópþrýstings.

Námslýsing

Megináhersla er á einstaklinginn og hópinn, mikilvægi hópa og áhrif þeirra á einstaklinginn, s.s. meðferðarlegt gildi hópsins. Fjallað verður um þær reglur sem gilda í hópum, um hlutverk einstaklings í hópi, samskipti, tengsl og mikilvægi hópsins fyrir einstakling á mismunandi aldurs skeiðum.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist þróun máls og tals.
- kynnist notkun málsins til tjáskipta.
- kynnist ýmsum frávikum í máli og tali.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á eðlilegan málþroska barna og frávik frá honum. Farið er yfir almenna málnotkun, málþroska og framburð fyrstu árin og rætt um hvenær barn telst vera með málþroskaröskun. Fjallað er um seinkaðan málþroska barna sem og málhamlanir og sértækar málþroskaraskanir af völdum seinþroska, framburðar, stams, raddar og fötlunar. Auk þessa er fjallað um hlutverk þeirra stofnana sem tengjast máli og tali, s.s. Tölvumiðstöð fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Breið bros, Málefli og Málbjörg.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



6 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist óhefðbundnum tjáskiptaleiðum í starfi með fötluðu fólki.
- kynnist ýmsum tjáningaraðferðum sem nýtast fólki sem ekki getur tjáð sig með tali.

Námslýsing

Megináhersla er á óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Námsmenn kynnast ýmsum tjáningaraðferðum sem nýtast fólki sem ekki getur tjáð sig með tali. Aðferðir sem kynntar verða eru meðal annars samskipta-/boðskiptatöflur, tákni með tali og Bliss-táknmál.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



6 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist hugmyndum og kenningum um lýðheilsu.
- þekki stefnur sem stuðst er við þegar hugtakið lýðheilsa er rætt.
- kynnist hvernig hugmyndafræði og hugtök lýðheilsu tengjast öðrum greinum.
- skilji mikilvægi heilbrigðs lífnis sem fyrirbyggjandi þátt í daglegu lífi fólks.
- þekki helstu smitleiðir og sýkingavarnir.
- skilji mikilvægi góðrar tannheilsu og tannverndar.

Námslýsing

Megináhersla er á hugtök, kenningar, skilgreiningar, stefnur og þjónustuleiðir er tengjast lýðheilsu. Fjallað verður um áhrif lífshátta á heilbrigði sem og samspil erfða, umhverfis og lífsvenja auk geðræktar. Rætt verður um leiðir til að hafa áhrif á neysluvenjur. Jafnframt verður fjallað um helstu smitleiðir og sýkingavarnir ásamt mikilvægi góðrar tannheilsu og tannverndar hjá fötluðum eða sjúkum einstaklingum.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki helstu flokka tauga- og geðlyfja,
- þekki skammtastærðir og áhrif helstu tauga- og geðlyfja,
- þekki aukaverkanir helstu tauga- og geðlyfja.

Námslýsing

Megináhersla er á helstu flokka tauga- og geðlyfja, skammtastærðir þeirra og aukaverkanir. Áhersla er lögð á umfjöllun um lyf og lyfjameðferð við flogaveiki og geðrænum vandamálum.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist þeim þáttum sem snúa að samstarfi við fjölskyldur.
- þekki helstu aðferðir samtalstækni og virkrar hlustunar.
- sé fær um að nota árangursríkar aðferðir í samstarfi við fjölskyldur.

Námslýsing

Megináhersla er á samstarf við fjölskyldur, uppbyggileg samskipti og virðingu í samskiptum. Fjallað verður um hvernig hinum ýmsu viðbrögðum aðstandenda er mætt. Rætt verður um ábyrgð starfsmanns og hlutverk í samskiptum við fjölskyldur. Einnig verður fjallað um helstu aðferðir sem stuðla að árangursríku samtali. Farið verður yfir tæknileg atriði sem lúta að árangursríku samtali, svo sem að hlusta, setja sig í spor annarra, leiðbeina og sýna þannig raunverulegan áhuga á aðstæðum annarra.

Námsaðferð

Leiðbeinandi innleiðir, stjórnar umræðum, skipuleggur hlutverkaleik og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist velferðarkerfinu og meginstoðum þess.
- auki færni sína á viðfangsefninu í gegnum raunhæf dæmi.
- geti aflað sér upplýsinga og gagna með ýmsum miðlum.
- þekki helstu lög og reglur sem varða starfið.
- þekki helstu hugtök sem varða þróun velferðarkerfisins.

Námslýsing

Megináhersla er á grundvallaruppbyggingu og einkenni velferðarsamfélagsins og hvernig lög, reglur og samningar tryggja tilvist þess. Fjallað verður um hvaða aðrir þættir þurfi að vera til staðar til þess að þjóðfélag geti kallast velferðarsamfélag. Skoðaðar verða breytingar á íslenska velferðarkerfinu undanfarin ár og þær bornar saman við breytingar í nágrannalöndunum og rætt hvernig íslenskar aðstæður eru frábrugðnar þeim erlendu. Áhersla verður lögð á leiðir til að afla og miðla upplýsingum. Má þar nefna aðgang að lögum og reglum og upplýsingabæklinga Tryggingastofnunar ríkisins. Upplýsingaþátturinn er einnig kannaður á netinu með tilliti til áherslna, aðgengis og takmörkunar. Fjallað verður um helstu löggjöf á starfssviði félags- og heilbrigðisþjónustu og hugtök sem hafa einkennt þróun velferðarþjónustu á Íslandi. Má þar nefna einkarekstur, einkavæðingu, einkaframkvæmd, sjúkdómsvæðingu, sambýli, sérbyli, útgjöld og gjaldtöku.

Námsaðferð

Leiðbeinandi innleiðir, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Á námskeiðinu er lögð áhersla á virkni námsmanna, t.d. við öflun efnis úr hversdagslífinu og greiningu raunhæfra dæma úr lífi og starfi. Gestafyrirlesarar með reynslu og þekkingu á sviði velferðarmála mun kynna sínar áherslur.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar, t.d. lög og reglugerðir.



6 kennslustundir Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki grundvallaratriði varðandi störf og skipulag á íslenskum vinnumarkaði.
- þekki hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga.
- þekki helstu þætti í góðu ráðningarferli og ráðningarviðtölum.
- þekki hvernig staðið er að leiðsögn og áminningu.
- þekki helstu ákvæði sem gilda gagnvart veikindarétti, orlofsrétti, tryggingum o.fl.
- þekki helstu atriði er lúta að skipulagningu vinnunnar og helstu þáttum hvíldarákvæða.
- þekki hvaða leiðir eru færar ef viðkomandi missir vinnuna.

Námslýsing

Megináhersla er á mikilvæg atriði sem varða vinnumarkaðinn og sérstaklega er horft til þess vinnulags sem ríkir í opinberri stjórnslu, t.a.m. varðandi leiðsögn og áminningu. Jafnframt því verður fjallað um helstu ákvæði sem gilda gagnvart veikindarétti, orlofsrétti, tryggingum og fleiru. Áhersla verður lögð á trúnaðarmannakerfið og hvernig nota má það til að styrkja velferð og vellíðan á vinnustað. Fjallað verður um lög um opinbera starfsmenn og mikilvægi góðs undirbúnings þegar sótt er um starf. Áhersla er á að starfsmenn skilji mikilvægi góðrar og farsællar innkomu í starf og ábyrgð þeirra á því að vel takist til. Þá er framsetning auglýsinga skoðuð ásamt efni og innihaldi ráðningarsamninga.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- kynnist markmiðum og skipulagi þeirrar stjórnsýslu sem hefur bein og óbein áhrif á félags- og heilbrigðissviðið.
- þekki helstu lög og reglugerðir sem varða störf á félags- og heilbrigðissviði.
- sé fær um að leita sér skýringa í helstu lögum og reglugerðum sem lúta að starfi á félags- og heilbrigðissviði.

Námslýsing

Megináhersla er á þá stjórnsýslu sem tengist félags- og heilbrigðissviði og hlutverk laga og reglugerða í stjórnkerfinu. Fjallað verður um helstu lög sem snúa að starfinu, meðal annars lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um málefni fatlaðra, lög um almannatryggingar, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar, t.d. lög og reglugerðir.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki starf Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eða sambærilegra aðila.
- kynnist starfsemi greiningarteymis fyrir börn að 6 ára aldri.
- kynnist því vinnulagi sem greiningarteymi nota við frumgreiningu á börnum.
- þekki starfsemi Barna- og unglíngageðdeildar Landspítala – Háskólasjúkrahúss (BUGL) eða annarrar sambærilegrar stoðþjónustu.

Námslýsing

Megináhersla er á hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til þess að barni sé vísað til Greiningarstöðvarinnar eða sambærilegra aðila. Þá er því lýst hvernig þjónusta er háttað við börn og foreldra þeirra og hvað tekur við þegar greiningu er lokið. Fjallað verður um helstu verkefni greiningarteyma og hvernig þau starfa. Ferill frumgreiningar verður kynntur og rætt um hvað gerist í því framhaldi og hvaða stoðþjónusta önnur er í boði. Einnig verður fjallað um helstu skilgreiningar á geðheilsu og geðröskun. Farið verður yfir þá þjónustu sem BUGL eða sambærilegir aðilar veita börnum og unglíngum sem þurfa á sérfræðiþjónustu að halda. Að lokum verður starfsemi BUGL og sambærilegra aðila lýst sem og aðkomu helstu samstarfsaðila þeirra.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Frístundir

6 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmaður:

- skilji aukið vægi frístunda í daglegu lífi fólks,
- geri sér grein fyrir meðferðarlegu gildi frístundastarfs,
- sé fær um að skipuleggja tómsundastarf,
- þekki sértækar og almennar leiðir í frístundastarfi,
- sé fær um að aðstoða skjólstæðinga sína til að nýta sér þá möguleika sem í boði eru á hverjum tíma.

Námslýsing

Megináhersla er á helstu hugtök og þjónustuleiðir á sviði frístunda. Áhersla er á að auka skilning námsmanna á auknu vægi frístunda í daglegu lífi fólks og aukið vægi þeirra í meðferð með skjólstæðingum. Fjallað verður um helstu frístundamöguleika fatlaðra og námsmenn hvattir til að vera skapandi í hugsun við skipulag frístunda með þarfir ólíkra einstaklinga að leiðarljósi.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki möguleika fatlaðra til áframhaldandi menntunar eftir að formlegri skólagöngu lýkur.
- þekki stoðkerfi og helstu námsúrræði sem standa fötluðum til boða.
- skilji mikilvægi menntunar og fræðslu eftir að skólaskyldu lýkur og geti bent á ýmsar leiðir í þeim efnum.

Námslýsing

Megináhersla er á að gera grein fyrir möguleikum fatlaðra til áframhaldandi menntunar eftir að formlegri skólagöngu lýkur. Áhersla er á stoðkerfi og helstu námsúrræði sem standa fötluðum til boða. Fjallað verður um þá hugmynda- og kennslufræði sem liggur að baki fræðslu fyrir fatlað fólk eftir að formlegri skólagöngu lýkur. Farið verður yfir ýmsa möguleika í kennsluaðferðum, stuðningi og mati.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsmarkmið

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki þjónustuferli félagsþjónustunnar og framkvæmd í viðkomandi sveitarfélagi.
- þekki hugmyndafræðina að baki atvinnu með stuðningi.
- kynnist ríkjandi stoðkerfi í atvinnumálum fyrir fatlaða.
- viti hvernig sótt er um dagþjónustu/atvinnu í sértækri þjónustu við fatlaða.
- þekki tilboð og þjónustuúrræði sem varða atvinnumál fatlaðra.

Námslýsingar

Megináhersla er á að lýsa þjónustuferlinu þegar sótt er um hjá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Gefið er yfirlit yfir hugmyndafræði atvinnu með stuðningi og rætt um vinnulag og nýjungar í atvinnumálum fatlaðra. Fjallað verður um hvern og einn þjónustubátt, meðal annars hugtökin dagvist/hæfing, verndaðir vinnustaðir, starfsþjálfun og atvinna með stuðningi, ásamt því að skoða lög og reglugerðir á þessu sviði. Einnig verður fjallað um hlutverk og áherslur Vinnumálastofnunar og svæðisbundinna vinnumiðlana sem þjónusta fatlaða.

Námsaðferðir

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- sé fær um að umgangast og leiðbeina fólki á eigin heimili.
- sé fær um að sinna og aðstoða fólk við athafnir daglegs lífs.
- sé fær um að framfylgja þeirri hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar og ætlað er að auka lífsgæði íbúa.
- þekki helstu úrræði á sviði búsetu, svo sem heimili fyrir börn, sambýli, þjónustuíbúðir, kjarna og notendastýrða persónulega aðstoð.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á einstaklinginn, heimilið og nánasta umhverfi. Áhersla er á mikilvægi aðstoðar til sjálfshjálpar í þjónustu við fatlað fólk. Fjallað verður um þætti eins og einstaklingsmiðaða þjónustu, sjálfsákvörðunarrétt og trúnað. Jafnframt verður fjallað um hlutverk starfsmanns á heimili notanda, annars vegar hvað varðar heimilisverk, heimilisbrag og fjármuni og hins vegar hvað varðar þjónustu/starf inn á heimili annarra þar sem virðing fyrir einkalífi íbúa er í öndvegi.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- þekki grundvallaratriði í þarfagreiningu og við gerð stöðu- og þjónustumats.
- þekki grundvallaratriði við gerð þjónustuáætlunar fyrir fatlað fólk.
- þekki þau grundvallaratriði sem hafa ber í huga við framkvæmd þjónustuáætlana fyrir fatlað fólk.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á viðurkennd vinnubrögð í þjónustu við fatlað fólk. Meðal annars er farið yfir mikilvægi skipulegra vinnubragða og hvernig skilgreina skal verkefni og/eða vandamál. Einnig er farið yfir þjónustuáætlanir, gagnasöfnun, samanburð og mat. Þá er einnig er fjallað um gerð þjónustuáætlana og mikilvægi þess að fylgja þjónustunni eftir svo hún skili sér í bættum lífsgæðum þeirra sem hennar eiga að njóta.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

Námsefni

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



Námsmarkmið

Að námsmaður:

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir í náminu.

Námslýsing

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum og einum og hópnum í heild. Námsmenn bera stöðu sína við lok námsins saman við markmið sem þeir settu sér í upphafi sem og væntingar sem þeir höfðu þá til þess.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti náms og námsumhverfis.

Námsaðferð

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur til dæmis fyrir gátlista, umsagnarblöð, könnun um gæði og framkvæmd námsins og annað sem auðveldar námsmönnum heildstætt mat.

Námsefni

Til dæmis námsskrá auk markmiða og væntinga námsmanna í upphafi náms.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðisviði, grunnnám, til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 13 eininga.

Námið og námsþætti þess má til dæmis meta á móti áföngum í Aðalnámskrá framhaldsskóla með því að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, til dæmis staðfestingu frá leiðbeinanda Starfsnáms stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðisviði, grunnnám.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat.
4. Stöðupróf.

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002. Árið 2010 var starfsemi FA víkkuð út með samþykkt aðildar BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um framhaldsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla. Sá markhópur er um 33% fólks á vinnumarkaði. Hlutfallið er breytilegt milli ára og landssvæða.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



www.frae.is, sími 599 1400